

Dags. 9. febrúar 2010

Stjórnvaldssekt vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Þann 3. febrúar 2010 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Teymi hf. vegna brots á 1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.).

Þann 17. apríl 2009 birti Teymi hf. tilkynningu um kynningarfund með kröfuhöfum félagsins. Þá birti félagið ákveðnar fjárhagsupplýsingar með frumvarpi til nauðasamnings félagsins. Samkvæmt fylgiritinu var ljóst að niðurfærsla á verðmæti eða virðisrýrnun á farsímakerfi félagsins hafði átt sér stað.

Virðisrýrnun á farsímakerfi félagsins, sem greint var frá í fylgiriti með frumvarpi til nauðasamnings félagsins, var byggð á virðisrýrnunarprófi sem unnið var af utanaðkomandi aðila fyrir Teymissamstæðuna og lá niðurstaða virðisrýrnunarprófsins fyrir í mars 2009. Teymi leit svo á að niðurstöður virðisrýrnunarprófsins væru drög þar sem þáverandi stjórn félagsins hafði hvorki fjallað um niðurstöðurnar né tekið afstöðu til hvernig rétt væri að færa þessar upplýsingar í ársreikning félagsins. Í ljósi þess hafi Teymi ekki litið á niðurstöður virðisrýrnunarprófsins sem innherjaupplýsingar fyrr en á stjórnarfundi 17. apríl 2009 þegar fjallað var um upplýsingarnar og staðfest að þær væru réttar.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að innherjaupplýsingar hefðu myndast hjá Teymi um leið og niðurstöður virðisrýrnunarprófs lágu fyrir þar sem upplýsingar teljast nægilega tilgreindar ef þær gefa til kynna *aðstæður sem eru fyrir hendi* eða *sem ætla má að verði fyrir hendi* eða *atburð sem hefur átt sér stað* eða *sem ætla má að muni eiga sér stað*, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Þó svo að stjórn félagsins hafi ekki fjallað um niðurstöður virðisrýrnunarprófsins, þá hafði félagið undir höndum upplýsingar um virðisrýrnun á farsímakerfi félagsins. Þótt stjórnin hafi ekki fjallað um niðurstöðurnar þá voru þær þess eðlis að gefa til kynna *aðstæður sem eru fyrir hendi* eða *sem ætla má að verði fyrir hendi*, enda staðfesti félagið upplýsingarnar á stjórnarfundi þann 17. apríl 2009.

Innherjaupplýsingar mynduðust því hjá Teymi þegar niðurstöður virðisrýrnunarprófs lágu fyrir í mars 2009 sem félaginu bar að birta í samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl. og 5. gr. reglugerðar nr. 630/2005 en þar segir að útgefanda beri að fullnægja tilkynningarskyldu sinni, *án tafar*, þegar kringumstæður skapast eða atburður á sér stað, *jafnvel þó að mál séu ekki formlega til lykta leidd*.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að framangreind háttsemi Teymis hafi farið í bága við 1. mgr. 122. gr. vvl. Brot Teymis fellur undir 36. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. og því bar að ljúka málinu með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun stjórnvaldssektar var litið til alvarleika brots, málsatvika og þess tíma sem brotið stóð yfir sem og sambærilegra mála. Með hliðsjón af framangreindu þótti hæfilegt að gera Teymi hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 7.500.000,-.